



Námsáætlun í náttúrufræði 8. bekkur 2024 -2025

Lýsing:

- Að auka þekkingu nemenda á vísindalegri hugsun og færni þeirra í notkun vísindalegra aðferða.
- Að auka læsi nemenda í vísindagreinum. Það felst í að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns og notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi.
- Að nemendur geri sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni.
- Að nemandi geti dregið ályktanir af ýmsum gögnum og í framhaldi af því komið með rök og skýringar út frá ólíkum sjónarhornum.
- Að nemandi sjái tengsl á milli náttúru og lífsgæða og sjái kosti þess að sýna umhverfinu umhyggju
- Að nemandi geti myndað sér eigin skoðun í umhverfismálum
- Að nemandi sjái hvernig einstaklingar geta stuðlað að eigin velferð með ábyrgri hegðun.
- Að nemandi geti útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika og útskýrt ólíkar þarfir þeirra í ólíkum vistkerfum.

Kennsluáferðir:

Kennslan fer fram í formi innlagna, einstaklingsvinnu, hóp- og/eða stöðvavinnu. Nemendur ljúka áætlun í náttúrufræði heima. Upplýsingar um heimavinnu eru settar inn á Mentor.

Námsefni:

Lífheimurinn – lítróf náttúrunnar, Mannslíkaminn og Makers Redbox þróunarverkefni.

Annað námsefni frá kennara

Námsmat

Námsmat er unnið skv. aðalnámsskrá og gefið í bókstöfum D-A. Það samanstendur af verkefnaskilum, kaflapófum, heimsasíðugerð, 3D prentun, leiserskeri, forritun og verkefnavinnu í tímum. Einnig verða minni verkefni á Google Classroom.

Kennslustundir: 3 x 60 mínútur á viku.

Kennarar: Bjarni Þór Sævarsson og Sigurlaug Hauksdóttir.